



**HEIÐARSKÓLI**

**Fréttabréf október 2005**

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

**Spök**  
Sparisjóðurinn í Keflavík

## Verðlaun frá Heimili og skóla

Heiðarskóli í Reykjanesbæ fékk verðlaun fyrir glæsilega þátttöku bekkjarins 4.HS í sögukeppni SAFT fyrir grunnskólanemendur. Nemendur í 4. HS skólaárið 2004-2005 sendu inn 11 sögur en alls bárust 54 sögur í keppnina. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin í sögusamkeppninni en verðlaunaafhendingin fór fram í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu í Reykjavík.

SAFT er vakningarverkefni á vegum Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra, m örugga og jákvæða netnotkun barna og unglunga. Sögusamkeppni SAFT var hleypt af stað á Alþjóðlega netöryggisdaginn, 8. febrúar síðastliðinn. Þátttakendur voru 9-16 ára grunnskólanemar sem boðið var að fara í ferðalag á Netinu og skrifa um það sögu sem



Verðlaunaafhendingin í Borgarbókasafninu.

þau sendu inn á rafrænu formi. Gunnar Þór Jónsson skólastjóri og Heiðrún Björk Sigmarsdóttir kennari tóku við verðlaununum ásamt tveimur nemendum úr 5.HS þeim Alexíu Rós Viktorasdóttur og Aroni Ívari Benediktssyni. Í verðlaun fékk skólinn fartölvu frá Dell og bækurnar Orðastað og Orðaheima.



5. bekkur HS með verðlaunin sín ásamt Heiðrúnu, Dagfríði, Gunnari og Sóleyju.

## Skólakynningar í september

Nú hafa umsjónarkennarar í öllum árgöngum verið með skólakynningu fyrir foreldra. Allar kynningar fóru fram að morgni ýmist á sal skólans eða í stofum. Við þökkum þeim fjölmörgu sem komu á þessar kynningar. Mæting foreldra var á heildina góð þó að alltaf megi gera betur. Kynningar voru skipulagðar af umsjónarkennurum og kom margt fróðlegt fram á þeim. Meðal annars töluðu kennarar í 2. bekk um gildi ritunar og tengsl við lestur og kennarar í 6. bekk ræddu um mikilvægi hróss og notkun þess. Þá voru ýmis mál rædd sem snerta ákveðna árganga eins og Skólabúðir að Reykjum og Laugum í Sælingsdal fyrir 7. og 9. bekk. Jónína Friðfinnsdóttir kennslu-ráðgjafi og Hafdís Kjartansdóttir sál-fræðiráðgjafi komu með áhugaverða fyrirlestra fyrir foreldra í 1. bekk og Elín Rut Ólafsdóttir námsráðgjafi í FS fjallaði um nám í framhaldsskóla fyrir foreldra í 9. og 10. bekk. Við hvetjum foreldra til að gefa sér tíma fyrir þessar kynningar á haustin því samkvæmt rannsóknum eru áhugasamir foreldrar það sem hvað mest áhrif hefur á gengi barna í skóla.



## Vetrarfrí

### Námsferð starfsfólks

Í vetrarfrí skólans heldur starfsfólk Heiðarskóla í námsferð erlendis. Stefnan er tekin á borgina Minneapolis í Bandaríkjunum en þar verða skoðaðir skólar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Við í Heiðarskóla væntum mikils af þessari námsferð og munum vonandi fá hugmyndir sem við getum nýtt okkur í starfi okkar í Heiðarskóla.

Nemendur skólans eru í fríi fimmtudaginn 27. okt., föstudaginn 28. okt. og mánudaginn 31. okt. Við höfum leitað eftir samstarfi við foreldra við að taka á móti börnunum þriðjudagsmorguninn 1. nóvember þar sem við komum heim snemma morguns. Allir nemendur verða í sínum heimastofum fyrstu tvo tímuna frá 8:10-9:30 með foreldrum. Eftir það er kennsla samkvæmt stundaskrá.

## Samstarfssamningur undirritaður milli Heiðarskóla og Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags

Þann 17. október undirrituðu Gunnar Þ. Jónsson skólastjóri og Einar Haraldsson formaður Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags samstarfssamning fyrir skólaárið 2005-2006. Samningurinn felur í sér að nemendur í 9. og 10. bekk Heiðarskóla sem velja íþróttir sem valgrein fá æfingar sínar hjá Keflavík, íþrótta- og ungmennafélagi, metnar sem hluta af valgreininni. Samstarf er á milli kennara skólans og þjálfara í deildum sem halda vel utan um ástundun nemenda, mætingar og frammistöðu. Með þessari samvinnu er verið að viðurkenna og meta mikla vinnu nemenda sem leggja sig fram um að ná góðum árangri í íþróttum, efla tengsl skóla og íþróttahreyfingarinnar og um leið að efla enn frekar eina af aðaláherslum skólans sem eru íþróttir og hollar lífsvenjur.



## Sungið saman á sal

Einu sinni í mánuði koma nemendur saman á sal og syngja nokkur lög undir stjórn Guðmundar tónmenntakennara. Nemendur koma saman í þremur hópum og syngja söngva sem þeir hafa m.a. verið að æfa í tónmenntatímum og hjá bekkjarkennurum. Einnig er hugað að textum sem tilheyra viðkomandi árstíð. Það er óhætt að segja að þetta hafi gengið mjög vel og nemendur taka þátt í söngnum af miklum krafti.



## Nýir starfsmenn í Heiðarskóla

Í vetur hafa samtals 11 nýir starfsmenn hafið störf við Heiðarskóla. Af þessum hópi eru sex nýir kennarar, en það eru þau Bryndís Gísladóttir, umsjónarkennari í 1. bekk, Eva Lilja Ólafsdóttir, umsjónarkennari í 3. bekk, Fanney Ómarsdóttir, umsjónarkennari í 1. bekk, Haraldur Axel Einarsson, umsjónarkennari í 4. bekk, Ingigerður Sæmundsdóttir, stærðfræðikennari á unglingastigi, og Martha Jensdóttir, dönsku- og samfélagsfræðikennari á unglingastigi. Auk þessa er Steinþóra Eir Hjaltadóttir kennari að koma aftur til starfa eftir tveggja ára hlé.

Þá hafa fjórir starfsmenn hafið störf við Frístundaskóla Heiðarskóla, en það eru þær Magnea G. Stefánsdóttir, Laufey Ragnarsdóttir, Íris Ö. Pétursdóttir og María S. Jóhannesdóttir.

## Embætti Heiðarskóla 2005-2006

Auglýst var í septemberbyrjun eftir nemendum til þess að starfa í nemendaráði, íþróttaráði og sem plötusnúðar. Fjölmargir sóttu um og urðu þessir fyrir valinu;

Nemendaráð; Ísak Ernir 7. EE, Erla Guðrún 7. EE, Vilberg 7. KG, Una María 7. KG, Ingibjörg Árný 7. IS, Elísabet 7. IS, Elísa Rut 8. SP, Kristín Rán 8. SP, Guðrún Ósk 9. ÞG, Aníta 9. ÞG, Friðrik 9. RR, Ósk 10. GH, Thelma 10. SN og Telma Ýr 10. SN.

Íþróttaráð; Bojan 8. MJ, Magnús Þór 8. MJ, Guðrún Ólöf 8. SP, Davíð Þ. 10. SN, Vilhjálmur Ó. 10. GH og Katla 10. SN. Plötusnúðar; Óli Baldur 8. SP, Pálmarr 8. SP, Anný Rós 9. RR og Kristín 9. RR.

Fulltrúi Heiðarskóla í Unglingaráði Fjórheima er Jón Þór í 10. SN.

Sú breyting hefur orðið á stjórnun skólans að Bryndís Guðmundsdóttir hefur tekið við starfi deildarstjóra á yngra stigi.

Heiðarskóli væntir góðs af störfum allra þessara einstaklinga.



Starfsfólk Heiðarskóla 2005 - 2006

## Upplýsingar til foreldra

Við í Heiðarskóla reynum að koma frá okkur upplýsingum og vera í sambandi við foreldra með ýmsu móti. Þar má fyrst nefna heimasíðu skólans, [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is), en þar er að finna margt sem tengist skólastarfinu. Við reynum að uppfæra heimasíðuna á hverjum degi með nýjum upplýsingum og myndum. Flestir starfsmenn Heiðarskóla eru með netfang. Upplýsingar um netföng og viðtals-tíma kennara má finna í Handbók nemenda og foreldra sem dreift var á skólakynningum nú í september. Þá hafa allir foreldrar fengið lykilorð að nýjum fjölskylduvef Mentors ([www.mentor.is/stundvisi](http://www.mentor.is/stundvisi)) þar sem hægt er að nálgast heimvinnuáætlun barna, yfirlit yfir ástundun og netföng og viðtals tíma starfsmanna. Viðtals tíma nýta kennarar til að hafa samband heim og foreldrar geta nýtt þá til að hafa samband við skólann. Fréttabréf skólans er gefið út og sent heim eins oft og þurfa þykir. Formleg foreldraviðtöl eru á skóladagatali skólans ár hvert og þá í tengslum við námsmat eftir haust- og miðönn. Við hvetjum foreldra til að vera í góðu sambandi við kennara í skólanum. **Samstarf er góð leið til árangurs.**



Forsíða Handbókar sem dreift var á skólakynningum. Hægt er fá bæklinginn á skrifstofu skólans eða á heimasíðu.

## Skapandi tónlistarmiðlun

Nemendur í 6. bekk EE unnu að tónverki undir stjórn Sigrúnar Sævarsdóttur sem var gestakennari í tvo daga í september. Þeir unnu að verkinu með umsjónarkennara sínum Eðvarði Þór Eðvarðssyni og Guðnýju Kristjánsdóttur stuðningsfulltrúa og fluttu síðan verkið fimmtudaginn 29. september fyrir nemendur í 4., 5. og 6. bekk og foreldra. Þetta var stórglæsilegt hjá þeim og þökkum við Sigrúnu kærlega fyrir þetta framtak. Tónverkið má nálgast á heimasíðu Heiðarskóla.



Nemendur æfðu sig á mismunandi hljóðfæri áður en tónverkið var flutt á sal.



Sigrún Sævarsdóttir stjórnandi verksins

## Sumarlestur

Verkefnið Lestrarmenning í Reykjanesbæ er þriggja ára þróunarverkefni sem fór af stað 2003. Markmið verkefnisins er að fá samfélagið til að taka höndum saman um að efla mál- og lesþroska barna. Sumarlestur er einn liður í þessu átaki og tóku nemendur í Heiðarskóla virkan þátt og lásu mikið í sumar. Nemendur fengu sumarlestrarblað með sér heim síðastliðið vor og voru hvattir til að lesa í sumarfríinu. Nefnd á vegum Reykjanesbæjar úthlutaði síðan viðurkenningum til þeirra sem skiluðu inn blaðinu.

Margir nemendur tóku þátt í átakinu og skiluðu inn þátttökublaði en einn bekkur stóð þó upp úr en þar lásu allir. Þetta voru nemendur í 4. SG og myndin hér til hliðar er af þeim. Við þökkum öllum sem tóku þátt í sumarlestrinum og vonum að enn fleiri skili inn blaðinu næsta haust.



## Heimsókn til Björgunarsveitarinnar Suðurnes



Þriðjudaginn 11. október fóru nemendur í 6. MÓ ásamt foreldrum í kynningu á starfsemi Björgunarsveitarinnar Suðurnes. Horft var á skemmtilegt kynningarmyndband þar sem við sáum hvað björgunarsveitarstarfið gengur út á. Við fengum að skoða bílana, bátana og ýmislegt fleira sem tilheyrir starfsemi þeirra. Þegar skoðunarferðinni um húsið var lokið var okkur boðið upp á dýrindis skúffuköku og svala. Síðast en ekki síst fengum við að prófa klifurvegginn þeirra og það var meiriháttar. Við klifruðum og klifruðum og voru flestir sammála um að þetta var erfiðara en það leit út fyrir að vera.

Við viljum þakka foreldrum bekkjarins kærlega fyrir okkur og að sjálfsögðu Björgunarsveitinni Suðurnes fyrir frábærar móttökur.

María Ólad. og nemendur í 6. MÓ



## Grunnskólamótið í knattspyrnu 2005 Heiðarskóli í öðru sæti

Grunnskólamót Reykjanesbæjar var haldið í fjórða sinn í septemberbyrjun í Reykjaneshöllinni. Keppt var í sjö manna liðum á hálfum velli í karla og kvennaflokki. Lið Holtaskóla bar sigur úr bítum í báðum flokkum eftir harða baráttu við lið Heiðarskóla sem endaði í öðru sæti bæði í kvenna- og karlaflokki. Stefnan er sett á sigur að ári!

Karllaliðið skipuðu þeir; Viktor, Magnús, Bjarni Rey, Davíð Þ., Sindri, Bojan, Ásgeir Elvar, Oddur, Aðalsteinn, Kristinn Sævar, Vilhjálmur Maron, Hákon, Gylfi Már og Ómar. Pálmar og Brynjar voru Eysteini til aðstoðar í liðstjórninni. Kvennaliðið skipuðu þær; Elísa, Guðrún Ólöf, Jenný, Andrea, Laufey, Ísabella, Eyrún og Ólína.



## Lykillinn að himnaríki

Saga eftir nemanda í 8. bekk

Einu sinni var 13 ára stelpa sem hét Stefanía. Stefanía bjó hjá ömmu sinni því mamma hennar og pabbi voru dái. Þau dóu þegar Stefanía var 12 ára. Mamma hennar hafði verið besta vinkona hennar.

Amma Stefaníu var hundleiðinleg kerling, henni var alveg sama um Stefaníu. Hún gaf henni bara að borða og ekkert meira. Stefanía átti enga vini í skólanum, það mætti segja að hún væri lögð í einelti.

Það var komið sumar. Stefanía hataði sumrin, því þá hafði hún ekkert að gera. Einn góðan veðurdag ætlaði hún að fara gróðursetja blóm þá fann hún lykil ofan í holunni sem hún hafði verið af grafa. Hún tók lykilinn upp og setti hann í vasann. Um kvöldið þegar hún fór að sofa þá sá hún engil sem kom til hennar og sagði „þetta er lykill að himnaríki. Núna getur þú farið eins oft og þú villt upp í himnaríki að heimsækja mömmu þína og pabba.“

Fyrst vissi Stefanía ekki hvernig hún ætti að nota lykilinn en í draumnum hennar dreymdi hana að hún ætti að halda utan um hann og segja „bank bank“, guð hleyptu mér inn.“ Næsta dag prófaði hún þetta og það tókst.

Stefanía fór núna daglega upp til himna, þar kynntist hún stelpu sem hét Ásta. Ásta var jafngömul Stefaníu en hún dó úr krabbameini þegar hún var 10 ára. Stefanía og Ásta urðu

bestu vinkonur og voru mjög oft saman. Stefanía var líka mjög oft hjá foreldrum sínum sem höfðu saknað hennar alveg eins og hún þeirra.

Hrönn María 8.-MJ

